



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Snæfellsbær
Smári Björnsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 12. mars 2008

Tilvísun: UST20080200134/sf

Breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 vegna framkvæmda við Jökulhálsveg

Vísað er til erindis Snæfellsbæjar, sem barst Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 25. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015. Auk skipulagsuppráttar fylgdi með erindinu afstöðuuppráttur vegna vegaframkvæmda við Jökulhálsveg, nánar tiltekið við norðanverðan Snæfellsjökul. Umrætt svæði er á náttúruminjaskrá og svæðið næst jökli er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Breytingar á aðalskipulaginu er gerðar vegna eftirfarandi framkvæmda:

1. Í fyrsta lagi er lagt til að annar núverandi slóða haldi sér en hinn verði afnuminn, sbr. afstöðuuppráttur í mkv. 1:5000. Sá sem hverfur var lagður á sínum tíma vegna vikurflutninga og er lítið ekinn núna. Hinn slóðann þarf að laga lítillaga á tveimur stöðum. Með þeim aðgerðum verður hann fær öllum bílum og teppist síður vegna snjóa og aurbleytu.
2. Í öðru lagi er tillaga um nýjan slóða sem liggur sunnar í landinu, merktur sem ný slóð á afstöðuuppráttinu. Með því að bæta eldri veg, sbr. fyrsta lið hér að ofan, minnkar þörf á þessum slóða a.m.k. að svo stöddu.
3. Í þriðja lagi er um nýja slóða að ræða sem liggja í átt að jöklinum. Tilgangurinn með lagningu þeirra er að auðvelda aðgengi að jöklinum bæði fyrir göngufólk og vegna hugsanlegs skíðasvæðis. Hugmyndir um skíðasvæði á jöklinum falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 2. viðauka lið 12a. Meðfram veginum er gert ráð fyrir sex nýjum bílastæðum.

Umhverfisstofnun telur almennt mikilvægt að halda framkvæmdum innan þessa svæðis í lágmarki og að fjarlægðir verði þeir vegir sem verða aflagðir. Stofnunin samþykkir fyrir sitt leyti framkvæmd skv. lið eitt hér að framan, þ.e. lagfæringar á núverandi vegi yfir á Jökulháls og að vikurvegurinn verði afnuminn.

Umhverfisstofnun leggst gegn því að ný slóð ofar í landinu verði sýnd á aðalskipulagi, sbr. einnig afstöðuupprátt þar sem sýnd er ný slóð um 660 m að lengd. Stofnunin telur að um óþarfa rask sé að ræða á lítt snortnu landi sem er á náttúruminjaskrá, auk þess sem halda eigi framkvæmdum eins fjærri jökulgarði sem þar er eins og kostur er. Með lagningu nýrrar slóðar á þessum stað myndast einnig tvöfalt vegakerfi á kafla.

Umhverfisstofnun leggst fyrir sitt leyti ekki gegn áformum um að lengja veg í átt að jökli. Stofnunin fær þó ekki séð að nauðsynlegt sé að slóðinn klofni í tvennt og endi í tveimur nýjum slóðum í stað eins. Jafnframt telur stofnunin að fækka megi bílastæðum þannig að eitt stæði verði fyrir gönguleiðir í vesturátt. Stofnunin telur hins vegar ljóst að nauðsynlegt er að bílastæði nær jökli verði tvö vegna breytinga á snjólinu þegar líður á vorið.

Umhverfisstofnun leggst gegn því að vegir verði byggðir upp heldur verði aðeins um slóðir að ræða eins og gert er ráð fyrir á upprættinum. Ekki verði um miklar ýtingar að ræða heldur skal halda vegsvæði eins óröskuðu og kostur er.

Þær framkvæmdir sem aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir eru innan svæðis sem er á náttúruminjaskrá og eru að hluta til innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum er einnig tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni þarf því að vera fyrirvari um ákvörðun um matskyldu framkvæmdarinnar. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til frekari athugasemda við framkvæmdirnar við umfjöllun um þær á síðari stigum samkvæmt ákvæðum laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin veur einnig athygli á að samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Leita skal umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst



Guðbjörg Gunnarsdóttir
Þjóðgarðsvörður



Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri